



Selfossi, 9. nóvember 2011

1109001SA ÞH

**Iðnaðarráðuneytið
Arnarhvoli
150 Reykjavík**

Efni: Umsögn SASS um tillögu til þingsályktunar um áætlun um vernd og nýtingu landsvæða.

Á fundi stjórnar SASS, sem haldinn var 7. október sl. var eftirfarandi umsögn samþykkt um tillögu til þingsályktunar um áætlun um vernd og nýtingu landsvæða:

„Stjórn Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga fagnar framkominni þingsályktunartillögu um áætlun um vernd og nýtingu landsvæða og hvetur Alþingi til að samþykkja hana.

Stjórnin leggur áherslu á að niðurstöður þeirrar þverfaglegu vinnu sem fram hefur farið og er inntak þessarar þingsályktunartillögu verði grundvöllur sáttá um virkjun orku og nýtingar hennar í framtíðinni. Samkvæmt niðurstöðunum falla 6 vatnsaflsvirkjunarkostir í orkunýtingarflokk, þar af 4 á Suðurlandi. Í orkunýtingarflokki háhita eru 5 af 16 í orkunýtingarflokki á Suðurlandi.

Stjórn SASS leggur ennfremur áherslu á að mun stærri hluti þeirrar orku sem framleiddur er á Suðurlandi verði nýttur á svæðinu til atvinnusköpunar, en nú eru 4% framleiddrar raforku nýtt á Suðurlandi en 50% virkjaðs vatnsafls og 70% virkjaðs háhita á landinu kemur frá Suðurlandi. Til þess liggja fleiri rök en atvinnusjónarmið. Flutningur raforkunnar fer um skemmri veg sem þýðir minna orkutap og minni sjón- og umhverfismengun af háspennulínunum. Það er einnig í anda hugmyndafræði sjálfbærrar þróunar að landshlutinn njóti í meira mæli þess efnahagslega ábata sem virkjun vatnsafls og háhita hefur í för með sér.“

Á nýafstöðnu árþingi SASS sem haldið var 28. og 29. október sl. voru eftirfarandi ályktanir samþykktar sem varða þingsályktunartillöguna.

Rammaáætlun

Ársþing SASS, haldið í Vík í Mýrdal 28. og 29. október 2011, fagnar því að nú hilli undir lok þeirrar vinnu sem liggur að baki annars áfanga rammaáætlunar



og vonar að með þeirri vinnu verði hægt að nálgast sátt um orkuöflun og nýtingu. Ársþingið leggur áherslu á að Alþingi afgreiði málið á sem faglegastan hátt og vandlega verði farið yfir þær athugasemdir sem sveitarfélögin á starfssvæði SASS kunna að senda inn vegna málsins. Ársþingið gerir þó alvarlegar athugasemdir við þá skerðingu skipulagsvalds sveitarfélaga sem tillagan felur í sér.

Orkunýting

Ársþing SASS, haldið í Vík í Mýrdal 28. og 29. október 2011, gerir kröfu til að mun stærri hluti þeirrar orku sem framleiddur er á Suðurlandi verði nýttur á svæðinu til atvinnusköpunar, en nú eru 4% framleiddrar raforku nýtt á Suðurlandi en 50% virkjaðs vatnsafls og 70% virkjaðs háhita á landinu kemur frá Suðurlandi. Til þess liggja fleiri rök en atvinnusjónarmið. Flutningur raforkunnar færi um skemmri veg sem þýðir minna orkutap og minni sjón- og umhverfismengun af háspennulínunum. Það er einnig í anda hugmyndafræði sjálfbærrar þróunar að landshlutinn njóti í meira mæli þess efnahagslega ábata sem virkjun vatnsafls og háhita hefur í för með sér. Ársþingið bendir á að samkvæmt Rammaáætlun falla 6 vatnsaflsvirkjunarkostir í orkunýtingarflokk, þar af 4 á Suðurlandi.

Ársþingið vill jafnframt skora á orkufyrirtækin sem starfa á svæðinu að taka til alvarlegrar skoðunar hvort ekki sé möguleiki á að þau flytji einhvern hluta starfsemi sinnar á Suðurland og leggi með því móti meira til þeirra samfélaga sem þau fá stærstan hluta tekna sinna af.

Minnkun svifryks frá Hagavatni!

Ársþing SASS, haldið í Vík 28. og 29. október 2011 leggur áherslu á að vatnsyfirborð Hagavatns verði fært til upprunalegs horfs með stíflu í Farinu. Umhverfisáhrif yrðu umtalsverð og jákvæð þar sem svifryk af svæðinu myndi minnka til muna og lífríkið allt njóta góðs af. Um mikið þjóðþrifamál yrði að ræða fyrir allt nærumhverfið. Möguleiki myndi ennfremur skapast til byggingar jafnrennslisvirkjunar er skapa myndi atvinnu á svæðinu á framkvæmdatíma og auka hagkvæmni framkvæmdanna.

Umsögninni er hér með komið á framfæri.

Virðingarfyllst,
f.h. SASS

Þorvarður Hjaltason
framkvæmdastjóri